

10. gr.

Skýrslugerð.

Skýrslugjöf til Löggildingarstofu skal vera í samræmi við reglugerð nr. 648/2000 um starfshætti þeirra sem annast löggildingar mælitækja í umboði Löggildingarstofu.

Eftirfarandi upplýsingar skulu koma fram í prófunarskýrslum sem lagðar eru til grundvallar löggildingingu:

1. Núllfrávik.
2. Vigtarfall og frávik í þeim punktum sem prófaðir eru.
3. Hornaskekkja.
4. Endurtekningarhæfni.
5. Frávik með törun.
6. Aðstæður.

Þessar upplýsingar skulu vera aðgengilegar starfsmönnum Löggildingarstofu.

11. gr.

Málskot.

Komi upp ágreiningur um úrskurð Löggildingarstofu um einhver atriði varðandi ákvæði eða beitingu þessarar reglugerðar má skjóta málinu til ráðherra.

12. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi er sett með heimild í lögum nr. 100/1992 um vog, mál og faggildingingu og öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 610/2000 um löggildingingu ósjálfvirkra voga.

Viðskiptaráðuneytinu, 9. janúar 2001.

Valgerður Sverrisdóttir.

Atli Freyr Guðmundsson.

AUGLÝSING**um umferð í Reykjavík.**

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu borgarráðs hefur eftirfarandi verið ákveðið:

1. að stöðubann verði á Tryggvagötu frá enda gjaldtökustæða við Tryggvagötu 28 að Pósthússtræti.
2. að stöðvunarskylda verði á Veiðimannavegi gagnvart umferð um Straum.

Ákvörðun þessi tekur gildi 31. janúar 2001.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 19. janúar 2001.

Böðvar Bragason,

e.u. **Ingimundur Einarsson.**